

# Eftirfylgni: Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði

## Útdráttur úr skýrslu frá árinu 2011

Í skýrslunni [Úthlutun styrkja úr Rannsóknasjóði](#) (2011) gerði Ríkisendurskoðun grein fyrir niðurstöðum könnunar sinnar á því verklagi sem þá var fylgt við meðferð umsókna, faglegt mat þeirra og styrkveitingar úr Rannsóknasjóði. Um er að ræða opinn samkeppnissjóð á vegum ríkisins sem styrkir vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) hefur með höndum daglega umsýslu sjóðsins.

Í skýrslunni var annars vegar fjallað um lagalegan bakgrunn Rannsóknasjóðs (lög nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir), opinber framlög til hans síðustu ár, úthlutunarstefnu, fjölda styrkumsókna og hlutfall styrkja af umsóknum. Hins vegar var gerð grein fyrir úthlutunarreglum og störfum fjögurra fagráða sem lögum samkvæmt skulu veita stjórn sjóðsins ráðgjöf við úthlutanir úr sjóðnum og um fagleg efni.

Fram kom að Rannís hefði undanfarin ár lagt ríka áherslu á að bæta verklag við meðferð umsókna, faglegt mat þeirra og styrkveitingar. Í því sambandi var í fyrsta lagi vikið að reglum Rannsóknasjóðs og leiðbeiningum fyrir umsækjendur þar sem fram koma þau skilyrði sem þeir þurfa að uppfylla og lýsingar á matsferli umsókna. Í öðru lagi var greint frá verkferlum fagráða við mat á umsóknum sem eiga að fyrirbyggja að persónulegir hagsmunir eða tengsl hafi áhrif á matið og forgangsröðun umsókna. Í þriðja lagi var fjallað um endanlegar ákvarðanir stjórnar sjóðsins um styrkveitingar.

Að mati Ríkisendurskoðunar hafði áður nefnt umbótastarf Rannís stuðlað að því að verklag var orðið faglegra og gagnsærra en verið hafði. Stofnunin vakti engu að síður athygli á þremur atriðum sem taka þyrfti til skoðunar. Í fyrsta lagi var vikið að mögulegri hættu á hagsmunaárekstrum vegna smæðar íslensks vísindasamfélags og þeirrar staðreyndar að fagráðsmenn gætu sjálfir sótt um styrk úr Rannsóknasjóði. Í öðru lagi var bent á að umsækjendur nytu ekki fullkomins jafnræðis þar sem sumir gætu sent umsókn til fleiri en eins fagráðs meðan aðrir hefðu einungis í eitt fagrád að leita. Í þriðja lagi var vakin athygli á því að í reglum sjóðsins væri ekki tilgreint í hvaða tilvikum mætti krefjast endurgreiðslu styrkja eða hvaða ferli skyldi þá fylgja.

Í framhaldi af þessu beindi Ríkisendurskoðun eftirfarandi ábendingum til Rannís:

- ✓ *Lagt er til að fagráðin verði að hluta skipuð erlendum sérfræðingum. Það myndi m.a. tryggja betur að hið faglega mat væri hafið yfir vafa um óhlutdrægni.*
- ✓ *Meta þarf ávinning þess að stofna eitt fagrád fyrir allar fræðigreinar í stað þeirra fjögurra sem nú eru. Fagráðsmenn þyrftu þá væntanlega að vera fleiri en sjö sem kallar á lagabreytingu.*
- ✓ *Lagt er til að settar verði reglur um að styrkir skuli endurgreiddir ef skilyrði þeirra eru ekki uppfyllt. Reglurnar verði kynntar umsækjendum.*

Hvorki Rannís né mennta- og menningarmálaráðuneyti gerði efnislegar athugasemdir við skýrsludrög Ríkisendurskoðunar og fram kom í svörum þeirra að ábendingarnar þættu góðar og gagnlegar.

## Eftirfylgni 2014

Í samræmi við staðal Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI) um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun hverri úttekt sinni eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum hennar. Í því sambandi leggur stofnunin megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi. Slík eftirfylgni fer alla jafna fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslu.

1. *Fagráðin verði að hluta til skipuð erlendum sérfræðingum*  
Samkvæmt upplýsingum frá Rannís í ársbyrjun 2014 samþykkti Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs árið 2011 að hvert fagrád Rannsóknasjóðs skuli skipað að minnsta kosti tveimur sérfræðingum utan Íslands. Áður en fagrád tekur umsókn til umfjöllunar er einnig leitað eftir umsögn að minnsta kosti tveggja ytri sérfræðinga. Loks fer allt ytra mat á umsóknum fram erlendis.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur þar með verið tekið tillit til þeirrar ábendingar stofnunarinnar að fagráðin verði að hluta skipuð erlendum sérfræðingum.

## 2. Meta þarf ávinning þess að stofna eitt fagráð

Samkvæmt upplýsingum frá Rannís er ekki talinn ávinningur af því fyrir sjóðinn að stofnað verði eitt fagráð í því skyni að gæta jafnræðis umsækjenda. Í þessu sambandi var bent á að slíkt ráð þyrfti þá að vera skipað sérfræðingum frá mörgum fræðasviðum og því mjög fjölmennt. Eins gæti slíku fagráði veist erfitt að forgangsraða umsóknum af ólíkum fræðasviðum. Til að ná til allra fræðigreina hafi fagráðum verið fjölgað úr fjórum í fimm fyrir úthlutun ársins 2014.

Ríkisendurskoðun fellst á rök Vísinda- og tækniráðs og telur ekki rétt að ítreka ábendingu sína.

## 3. Setja þarf reglur um endurgreiðslu styrkja

Samkvæmt upplýsingum frá Rannís hefur Rannsóknasjóður ekki sett reglur um endurgreiðslu styrkja. Enn er fylgt þeirri reglu að veita styrk til eins árs í senn og þarf styrkþegi árlega að skila árs- eða lokaskýrslu um verkefnið. Mat á henni ræður því hvort lokagreiðsla hvers árs (25%) er innt af hendi og framhald verður á styrkveitingu. Berist árs- eða lokaskýrsla ekki innan árs frá skilafresti getur stjórn sjóðsins afskrifað styrkinn og rift öllum skuldbindingum vegna verkefnisins. Eins skal ónotaður styrkur eða styrkluti renna aftur til sjóðsins ef forsendur breytast meira en stjórn Rannsóknasjóðs getur samþykkt.

Í febrúar 2014 óskaði Ríkisendurskoðun sérstaklega eftir upplýsingum um fjölda þeirra verkefna sem átti samkvæmt áætlun að ljúka á árunum 2008–10 en lauk ekki með formlegum hætti, þ.e. með árs- eða lokaskýrslu. Alls reyndust slík verkefni 14 af 227 sem hlutu styrk á tímabilinu (6,2%).

Áformað var að styrkja þessi 14 verkefni um samtals 102 m.kr. á þriggja ára tímabili. Ekki var hins vegar gengið frá samningi um rúmar 14 m.kr. sem úthlutað hafði verið og ekki greiddar út tæpar 7 m.kr. sem hafði verið samið um þar sem styrkþegar skiluðu ekki árs- eða lokaskýrslu. Í a.m.k. fjórum tilvikum voru viðhlítandi skýringar á því hvernig til tókst. Alls námu greiðslur til verkefnanna 14 því um 81 m.kr., þ.e. að jafnaði um 5,8 m.kr. vegna hvers verks.

Óvíst er hversu raunhæft væri að ganga eftir endurgreiðslu vegna verkefna sem lýkur án þess að lokaskýrslu sé skilað og lögmætar skýringar berist. Gera má ráð fyrir að styrkþegar hafi einnig í slíkum tilvikum lagt umtalsverða vinnu í verkefni sín og að þau skili nokkrum ávinningi, t.d. í formi gagna, tímaritsgreina eða prófgráðu. Sömuleiðis má alltaf búast við að einhver verkefni feli í sér óvissu um niðurstöður og þar með framvindu.

Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að ítreka ábendingu sína. Með tilliti til þeirra fjármuna sem eru í húfi hvetur stofnunin Rannís engu að síður til að meta gildi þess að auka aðhald sitt með styrkþegum. Þetta mætti t.d. gera með því að setja þá reglu að þeir einir eigi kost á að sækja að nýju um styrk úr Rannsóknasjóði sem lokið hafa fyrri verkefnum sínum á tilskilinn hátt.

Með vísun til þessa lítur Ríkisendurskoðun svo á að afskiptum stofnunarinnar af þeim þáttum í starfsemi Rannsóknasjóðs sem hugað var að sé lokið að svo stöddu.

Rannís fékk drög að þessari skýrslu til umsagnar og þakkar Ríkisendurskoðun miðstöðinni gott samstarf.